



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGOÐINN

## Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Þátttaka forráðamanna
- Stóra upplestrarkeppnin
- Skólahreysti
- Reykjaferð
- Mikilvægi morgunverðar
- Grunnskólahátíð
- Frá foreldrafélagi
- Kóramót
- Skóladagatal 09-10
- Danir í heimsókn
- Góður sigur í spurningakeppni

## MENNINGARHÁTÍÐ 2009 Þátttaka forráðamanna vel þegin

Menningarvika er í Áslandsskóla dagana 9.-13. mars næstkomandi.

Hápunkturinn verður menningarhátíð í skólanum fimmtudaginn 12. mars en þá verður opið hús í Áslandsskóla þar sem nemendur taka á móti forráðamönnum og öðrum gestum.

Þemað í ár er Villta Vestrið og verður því gert skil með ýmsum hætti.

Þeir forráðamenn sem sjá sér fært að koma til aðstoðar mánudag, þriðjudag og miðvikudag frá kl. 8:10-13:00 eru beðnir að upplýsa sinn umsjónarkennara um slíkt.

## Góður sigur í spurningakeppni grunnskólanna

Önnur viðureign spurningakeppni ÍTH og grunnskólanna „Veistu svarið?“ fór fram í Áslandsskóla á dögnum en þar tókust á lið Áslandsskóla og Hraunvallaskóla.

Framan af var keppnin jöfn og gríðarspennandi en þegar leið á tók Áslandsskóli örugga forystu og sigraði.

Keppnin var afar vel sótt, frábær stemmning og voru bæði lið sínum skóla til mikils sóma.

Okkar fólk, Ásta Margrét, Sölvi Steinn og Árni Freyr er því komið áfram í undanúrslit keppinnar. Áfram Áslandsskóli.

## Stóra upplestrarkeppnin

Undankeppni Stóru upplestrarkeppninnar er í fullum gangi í Áslandsskóla. Bekkjarkeppnir hafa þegar farið fram og munu eftirtaldir tíu nemendur taka þátt í lokakeppni innan skólans:

**Úr Ljósheimum:** Vilborg, Sigrún, Alex, Gylfi Steinn og Hlynur Þór

**Úr Tunglheimum:** Elísa, Ásdís, Kristrún Helga, Jón Gunnar og Sigþór Gellir

Lesið verður upp úr bókinni *Riddarar hringstigans* eftir Einar Má Guðmundsson og ljóð eftir Þórarinn Eldjárn.

**Skólakeppnin verður miðvikudaginn 4.mars á sal skólans kl.17:00.**

## GÓÐI segir:



Það verður gaman að mæta í hið „villta vestur“ Áslandsskóla á menningardögum



Hið frábæra spurningalið Áslandsskóla ásamt þjálfurunum Kristjáni og Elmari.

**Þemavika í Áslandsskóla 9.-13. mars**

# VILLTA VESTRIÐ



Dönsku gestirnir og gestgjafar þeirra úr Áslandsskóla.

## Danir í heimsókn

Í síðustu viku fengu nemendur Undraheima gesti frá dönskum jafnöldrum sínum úr Kibæskole á Jótlandi.

Vikan leið hratt og sýndu íslensku nemendurnir þeim dönsku m.a. sinn heimabæ, höfuðborgina, Þingvelli, Gullfoss og Geysi og Bláa lónið.

Dönsku nemendurnir gistu heima hjá fjölskyldum nemenda og voru þeir allir samróma um að fjölskyldurnar dekrúðu við sig.

Í mars munu nemendur Undraheima endurgjalda heimsóknina með því að bregða sér til Kibæk og hlakka nemendur mikið til.

## Grunnskólahátíð

Fimmtudaginn 5. mars verður Grunnskólahátíð ÍTH haldin í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði. Grunnskólahátíð er vímulaus skemmtun unglunga í Hafnarfirði sem þeir sjálfir búa til og móta í samstarfi við starfsfólk ÍTH og skólanna. Hátíðin er tvískipt. Haldin er sýning þar sem unglungarnir koma fram og sýna leikrit og skemmtiatriði í íþróttahúsinu Víðistaðaskóla. Þá er haldið risaball um kvöldið þar sem landsfrægir skemmtikraftar stíga á stökk.

- Leiksýningar og skemmtiatriði kl. 13 og 15 í íþróttahúsi Víðistaðaskóla.
- Dansleikur unglunganna verður um kvöldið og opnar húsið kl. 19.30. Sign, Buff og Kicks munu halda uppi fjörinu.

Aðgangseyrir kr. 2000 og fer miðasala fram í Ásnum þann 4. mars. Rútur verða frá Áslandsskóla kl. 19.00

**Athygli skal vakin á því að frí er í skólanum í unglingadeild frá hádegi fimmtudaginn 5. mars og frí er í fyrstu þremur tímum á föstudeginum 6. mars.**

Áslandsskóli er með söng- og dansatriði úr söngleikjavali unglingadeildar undir stjórn Díönu Ívarsdóttur.

**Foreldrar og forráðamenn eru sérstaklega hvattir til að koma á seinni sýninguna kl. 15.00 og kynna sér það frábæra starf sem unglingar í Hafnarfirði eru að vinna.**

## Þátttaka forráðamanna í útskriftarferð 10. bekkja í vor

Nemendur í 10. bekk ljúka námi í Áslandsskóla nú í vor.

Við lok samræmdra prófa, mánudaginn 11. maí verður farið í próflok- og útskriftarferð með nemendum.

Sú hefði hefur skapast að einn forráðamaður útskriftarnema fer með í slíka ferð og eru áhugasamir vinsamlegast beðnir að hafa samband við umsjónarkennara barns síns.

## Flott frammistaða í Skólahreysti

Fimmtudaginn 12. febrúar sl. keppti Áslandsskóli í Skólahreysti ásamt skólum frá Hafnarfirði og Reykjanesbæ.

Lið okkar var skipað flottum krökkum þeim Kristbjörgu í 8. Fjallheimum, Benedikt í 10. Undraheimum, Adam í 10. Undraheimum og Róshildi í 10. Dulheimum og stóðu þau sig frábærlega.

## Mikilvægi morgunverðar

Á unglingsárunum er sjálfstæðið í fæðuvali orðið nokkuð mikið. Mikilvægt er þó fyrir foreldra að veita aðhald og styðja við hollar matarvenjur hjá unglíngunum.

### Nokkur góð ráð til að stuðla að hollu mataræði unglínga:

- Hvetja unglínginn eða aðstoða hann við að fá sér morgunmat því vegna hormónabreytinga eru unglíngar oft syfjaðir og þreyttir á morgnana.
- Ákveða daginn áður í samráði við unglínginn hvað eigi að vera í morgunmat.
- Halda áfram að nesta unglínginn í skólann með hollum bita, t.d. ávexti.
- Skola og brytja niður grænmeti og ávexti og hafa aðgengilegt í ísskápnum.
- Þegar fjölskyldan borðar saman er mikilvægur tími til að hafa áhrif á matarvenjur unglínga því foreldrar eru mikilvægar fyrirmyndir barna sinna.
- Leyfið unglíngnum að ákveða hvaða hollustu hann vill hafa í matinn.


## Skóladagatal 2009-2010

Vinna við skóladagatal skólaársins 2009-2010 er að mestu lokið. Foreldraráð skólans hefur þegar gefið sína umsókn og dagatalið verið sent í fræðsluráð til samþykktar.

Þegar samþykkt fræðsluráðs liggur fyrir verður dagatalið birt á vefsetri skólans.

Vinnan við skóladagatalið var bundin í meira lagi af bókunum og fyrirskipunum fræðsluráðs um sameiginlega skipulagsdaga og vetrarfrí og því í raun ekki flókið að setja inn þá daga þar sem sveigjanlegt skólastarfrí er í skólanum.

Fræðsluráð mun væntanlega leggja blessun sína yfir skóladagatalið á næsta fundi sínum 9. mars og í framhaldinu verður það birt á vef skólans [www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)



Smíðir framtíðarinnar

## Reykjaferð 7. bekkja—ferðasaga

Kristrún J. Fawcett — Ljósheimum

Ég fór á Reyki þann 2. febrúar til 6. febrúar. Ég hlakkaði til þess að fara því ég vonaði að þetta yrði skemmtilegt. Ég ímyndaði mér þetta allt öðruvísi en það var. Skólinn sem var með okkur var frá Brekkuskóla á Akureyri.

Mánudagurinn, dagurinn sem við komum, var fljótur að líða bara eins og vikan. Við komum og fórum í herbergin okkar, sem voru á Grund, svo fórum við yfir í Ólafshús og fengum hádegismat. Eftir það fórum við yfir á Bjarnaborg og fórum í náttúrufræði, fyrst töluðum við saman en svo fórum við í fjöruferð og allt var gaddfræði en samt óðum við. Síðan þegar við komum til baka skoðuðum við sjávardótið. Eftir þetta fengum við kvöldmat og skoðuðum umhverfið, svo fórum við að sofa.

Við vöknudum á hverjum morgni klukkan átta og fórum í morgunmat eftir morgunmat fórum við að gera eitthvað eins og stöðvaleik eða íþróttir og sund. Það var alltaf eitthvað skipulagt og maður þurfti að fara með sínum hóp á staðinn sem búið var að skipuleggja fyrir mann. Svo fórum við í hádegismat og eftir hann fórum við í stöðvaleik og konan sem var þar sýndi okkur bara staðinn og sagði okkur sögu í lokin. En eftir það þá var kvöldmat og kvöldvaka! Í kvöldvökunni voru stelpurnar í skólanum okkar með skemmtiatriði.

Næsta morgun fórum við í Undraheim auranna, fyrst hélt konan fyrirlestur síðan einhverjar spurningar en síðan var leikur eiginlega um peninga og maður átti að gera ýmislegt eins og gera tíu magæfingar, standa á höndum og hlaupa hringinn í kringum húsið. Það var fiskur í hádegismatinn. En eftir matinn fór ég í íþróttir og sund sem var bara ágætt. Svo bara kvöldmat og kvöldvaka sem var bara ótrúlega skemmtileg en svo kom kvöldhressing og beint að sofa.

Svo kom fimmtudagur sem var einn skemmtilegasti dagurinn á Reykjum!! við vöknudum klæddum okkur og fórum í morgunmat. Svo fórum við á Byggðasafnið og ég smakkaði hákarl, hann var ekkert sérstaklega góður. En við fórum í leiki og hlustuðum á fyrirlestra svo fórum við til baka í hádegismat. Eftir hádegismat var valfrjáls tími. Það var hægt að gera fullt af skemmtilegum hlutum eins og fara í sund eða horfa á mynd. Eftir valfrjálsa tímarn var hárgreiðslukeppni sem var alveg ágæt og allskonar hárgreiðslur komu fram, Halla, Guðbjörg og Úlfur unnu. Í kvöldmatnum fengum við þitsu og franskar, það var gott. Síðan var kvöldvaka og kennarnir áttu að gera atriði sem var bara fínt, svo var diskó og það var fjör. Í kvöldkaffinu fengum við rosalega gott. Eftir það þurftum við að fara að sofa og þá var bara föstudagurinn kominn og þá fórum við heim.

Mér fannst mjög skemmtilegt á Reykjum og bara allt tókst mjög vel.

## Frá foreldrafélaginu

Verið er að vinna að handbók Foreldrafélagsins sem kynnt verður á aðalfundi. Von okkar er að slík handbók muni auðvelda allt starf tengt Foreldrafélaginu. Aðalfundur verður 27. apríl og það er alltaf gott að merkja slíkt í viðburðardagatalið.

Málþing Foreldraráðs Hafnarfjarðar um skólamál verður laugardaginn 7. mars og þegar hefur verið birt auglýsing á heimasíðu skólans sem við bendum ykkur á að kynna ykkur. Hvetjum ykkur líka til að fjölmenna.

Því miður þurfti einn sem gaf kost á sér í vorhátíðarnefnd síðastliðið vor að draga sig úr nefndinni og því vantar einn sjálfboðaliða úr hópi forráðamanna til að nefndin sé fullmönnuð. Áhugasamir eru beðnir að hafa samband við formann félagsins í netfangið [hbrodda@gmail.com](mailto:hbrodda@gmail.com) sem allra fyrst.

Stjórnarfundir eru alltaf fyrsta miðvikudag mánaðarlega kl. 20.00 í Áslandsskóla og forráðamönnum sem vilja kynna sér störf stjórnar er velkomnið að mæta.



**VÆNTUMÞYKJA**

## Barnakóramót Hafnarfjarðar

Laugardaginn 21. mars verður Barnakóramót Hafnarfjarðar haldið í Víðistaðakirkju.

Skólakórinn ætlar að taka þátt og eiga kórfélagar að mæta kl. 15:20 í Víðistaðakirkju. Þá hefjast æfingar með hinum kórrunum.

Mótið endar svo með tónleikum kl. 17:00, en þar flytur hver kór 2 – 3 lög og síðan syngja allir kórarnir saman.

Áætlað er að tónleikarnir taki um eina klukkustund. Við hvetjum alla til að koma og hlusta, aðgangur ókeypis.



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði  
Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)  
[aslandsskoli@aslandsskoli.is](mailto:aslandsskoli@aslandsskoli.is)

**[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)**

**FLÓRGODINN**

**Fréttablað**  
**Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:  
**Leifur S. Garðarsson**  
skólastjóri